





Hátíð brautskráðra doktora

1. desember 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Íslands fjöll eftir Samúel Eggertsson

Samúel Eggertsson (1864 - 1949) ólst upp á Rauðasandi og varð þekktur fyrir teikningu, kortagerð og skrautritun en hann starfaði einnig sem barnakennari. Samúel var frumkvöðull í vísindamiðlun en hartær öll hans verk voru unnin til að fræða. Hann teiknaði t.d. Íslandskort til notkunar í skólum en áhugi Samúels beindist m.a. að stjörnufræði, veðurfræði og landafræði.

Fjöllin á Íslandi hafa um aldir verið skáldunum okkar innblástur og þau hafa líka ratað í rokktexta nútímans enda hafa þau vakað í þúsund ár. Fjöllin eru líka þýðingarmikið viðfangsefni vísinda- og fræðimanna við Háskóla Íslands. Á fjöllum hvíla víða jöklar sem jöklafræðingar rannsaka en þeir bráðna nú hratt sökum loftslagsbreytinga. Mörg fjallanna okkar eru virkar eldstöðvar og í þeim hópi eru Hekla, Askja og Katla. Eldfjöllin eru vöktuð og rannsökuð m.a. til að kanna innviði þeirra og til að treysta öryggi fólks og búfánaðar. Á heiðum og fjöllum vaxa ýmsar jurtir sem eru til rannsóknar af lyfjafræðingum í leit að nýjum lyfjasprotum en þar á meðal eru jafnar og skollafingur. Vísindamenn beina sjónum sínum einnig að íslenskum fjallalækjum með vistkerfisbreytingar í huga en þær stafa af hlýnun jarðar.

Ég elska þú, þér Íslandsfjöll,
með enni björt í heiðis bláma.
Þér dalir, hlíðar og fossafjöll
og flúð þar drynur brimið ráma.
Ég elska land með algrænt sumarskart,
ég elska það með vetrar skrautið bjart.
Hin heiðu kvöld,
er himintjöld
af norðurljósa leiftrum braga.

(Steingrímur Thorsteinsson)

Steingrímur Thorsteinsson skáld var mikill áhrifavaldur í menntasögu Íslendinga. Hann var rektor Lærða skólans í Reykjavík þegar Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911. Steingrímur fæddist á Arnarstapa á Snæfellsnesi árið 1831. Hann lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum í Reykjavík árið 1851, nam fyrst lög í Hafnarháskóla en hallaði sér síðan að fornámalum, grísku og latínu auk sögu og norrænna fræða.

Steingrímur varð kennari við Lærða skólann í Reykjavík upp úr 1870 og síðar rektor skólans. Því embætti gegndi hann til dauðadags árið 1913. Steingrímur var mikið skáld og afkastamikill þýðandi. Hann sneri t.d. Þúsund og einni nótt yfir á íslensku og sömuleiðis Ævintýrum og sögum eftir H.C. Andersen.



Á síðustu árum hefur doktorsnám vaxið og eflst við Háskóla Íslands. Jafnframt hefur árangur á sviði rannsókna og nýsköpunar stóraukist. Sem dæmi um það má nefna að skólinn hefur sex ár í röð verið á meðal 300 bestu háskóla í heimi á matslista Times Higher Education World Rankings og einnig komist inn á fleiri alþjóðlega matslista yfir bestu háskóla í heimi. Þann árangur ber ekki síst að þakka doktorsnemum og framlagi þeirra til aukinna rannsókna við skólann.

Fjölgun doktorsnema við Háskóla Íslands styrkir ótvírætt stöðu hans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla. Um leið gerir það skólanum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Óflugur rannsóknaháskóli er frumskilyrði þess að Ísland verði samkeppnisfært í vísindum, nýsköpun og atvinnuþróun en grunnrannsóknir og góð og fjölbreytt menntun eru jafnan talin ein helsta forsenda hagvaxtar og aukinnar velsældar.

Um þessar mundir stunda rúmlega 500 nemendur doktorsnám við Háskóla Íslands, en brautskráðum doktorum hefur fjölgað úr 36 árið 2010 í 70 árið 2016 eða um 94% á tímabilinu. Ítarlegri upplýsingar um þróun doktorsnáms við Háskóla Íslands undanfarin ár má sjá hér í bæklingnum. Við fögnum nú þeim doktorum sem hafa brautskráðst frá Háskóla Íslands á undangengnu ári. Á tímabilinu frá 1. desember 2015 til 1. desember 2016 brautskráðust alls 66 doktorar, 24 karlar og 42 konur. Doktorsnám er í eðli sínu alþjóðlegt og er ríflega þriðjungur doktora frá Háskóla Íslands á áðurnefndu tímabili með erlent ríkisfang. Háskólinn er stoltur af þessum glæsilega hópi sem mun vafalítið hasla sér völl á fjölbreyttum vettvangi. Við óskum nýju doktorunum innilega til hamingju með gráðuna og heilla í lífi og starfi.

Jón Atli Benediktsson
rektor
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
aðstoðarrektor vísinda

Félagsvísindasvið





Ásta Snorradóttir

Félagsfræði / Félags- og mannvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Hrunið – Heilsa og liðan starfsfólks íslenskra banka í kjölfar bankahruns (Hrunið – The health and well-being of bank employees in Iceland following the collapse of their workplace during an economic recession).*

Leiðbeinandi: Dr. Guðbjörg Linda

Rafnsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Arne Kalleberg, prófessor við University of North Carolina í Bandaríkjunum, og dr. Guðmundur Ævar Oddsson, lektor við Northern Michigan University í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Ástu fór fram 16. desember 2015.



Inga Minelgaitė Snæbjörnsson

Viðskiptafræði /

Viðskiptafræðideild

Heiti ritgerðar: *Leiðtogafræði á Íslandi og Litháen – Fylgjendamiðað sjónarhorn (Leadership in Iceland and Lithuania – A follower-centric perspective).*

Leiðbeinandi: Dr. Ingi Rúnar

Eðvarðsson, prófessor við Viðskiptafræðideild.

Andmælendur: Dr. Rūta Kazlauskaitė, prófessor við University of Management and Economics í Vilnías í Litháen, og dr. Sara Louise Muhr, dósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn í Danmörku.

Doktorsvörn Ingu fór fram 28. apríl.



Guðný Gústafsdóttir

Kynjafræði / Stjórn málafræðideild

Heiti ritgerðar: *Miðlað í gegnum meginstrauminn – Ímynd(ir) kvenleika og þegn réttar á Íslandi samtímans 1980-2000. Feminísk orðræðugreining (Mediated through the mainstream – Image(s) of femininity and citizenship in contemporary Iceland 1980-2000).*

Leiðbeinandi: Dr. Þorgerður Einars-

dóttir, prófessor við Stjórn málafræðideild.

Andmælendur: Dr. Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild, og dr. Karen Ross, prófessor við Northumbria University í Newcastle á Englandi.

Doktorsvörn Guðnýjar fór fram 23. september.



Irina Domurath

Lögfræði / Lagadeild

Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla.

Heiti ritgerðar: *Neytendaskuldir og samningaréttur – Vernd gegn yfirsuldsetningu samkvæmt reglum Evrópuréttar um húsnæðislán (Consumer debt and contract law – Protection from*

over-indebtedness in EU mortgage law).

Leiðbeinendur: Dr. Elvira Méndez Pinedo, prófessor við Lagadeild, Anders Møllmann, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku, og dr. Peter Rott, prófessor við Kassel-háskóla í Þýskalandi.

Andmælendur: Dr. Vibe Ulfbeck, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, dr. Hans W. Micklitz, prófessor við European University Institute í Flórens á Ítalíu, og dr. Vanessa Mak, prófessor við Tilburg-háskóla í Hollandi.

Doktorsvörn Irinu fór fram 11. mars.



Þórhildur Ólafsdóttir

Hagfræði / Hagfræðideild

Heiti ritgerðar: *Áhrif skyndilegra breytinga í hagkerfi á heilsu og heilsutengda hegðun (Health and health behaviour responses to macroeconomic shocks).*

Leiðbeinandi: Dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor við Hagfræðideild.

Andmælendur: Dr. Mickael Bech, forstjóri KORA og prófessor við Syddansk Universitet í Danmörku, og dr. Inas Kelly, prófessor við City University of New York í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Þórhildar fór fram 12. ágúst.







Heilbrigðisvísindasvið





Anna Ólafía Sigurðardóttir

Hjúkrunarfræði /
Hjúkrunarfræðideild

Heiti ritgerðar:

Fjölskylduhjúkrunarmeðferð á barnaeildum (Family systems nursing interventions in pediatric settings).

Leiðbeinandi: Dr. Erla
Kolbrún Svavarsdóttir,

prófessor við Hjúkrunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Nancy J. Moules, prófessor við Háskólann í Calgary í Kanada, og dr. Ragnar Bjarnason, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Önnu Ólafíu fór fram 29. apríl.



Berglind Hálfðánsdóttir

Ljósmodurfræði /
Hjúkrunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Fyrirfram*

ákveðnar heimafæðingar á Íslandi – Forsendur, útkoma og áhrifaþættir (Planned home births in Iceland – Premise, outcome and influential factors).

Leiðbeinandi: Dr. Herdís Sveinsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Ank de Jonge, dósent við Vrije Universiteit í Amsterdam í Hollandi, og dr. Helga Zoëga, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Berglindar fór fram 2. maí.



Ari Jón Arason

Líf- og læknavísindi /
Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Hlutverk*

grunnfrumna úr berkjupekju í vefjamyndun og trefjun (The functional role of human bronchial derived basal cells in regeneration and fibrosis).

Umsjónarkennari: Dr.
Þórarinn Guðjónsson,

prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Magnús Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Emma Rawlins, dósent við Háskólann í Cambridge í Bretlandi, og dr. Arnar Pálsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Doktorsvörn Ara Jóns fór fram 29. janúar.



Bylgja Hilmarsdóttir

Líf- og læknavísindi /
Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Innan-*

og utanfrumu stjórnun frumusérhæfingar og frumudauða í brjóstskirtli (Extrinsic and intrinsic regulation of breast epithelial plasticity and survival).

Umsjónarkennari: Dr. Þórarinn Guðjónsson, prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Magnús Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Frederik Vilhardt, dósent við Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku, og dr. Stefán Þ. Sigurðsson, dósent við Læknadeild.

Doktorsvörn Bylgju fór fram 29. apríl.



Chutimon Muankaew

Lyfjafræði / Lyfjafræðideild

Heiti ritgerðar:

Sýklódestrínöragnir fyrir markbundna lyfjagjöf í augu (Cyclodextrin microparticles for targeted ocular drug delivery).

Umsjónarkennari og

leiðbeinandi: Dr. Þorsteinn

Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild.

Andmælendur: Dr. Carmen Alvarez-Lorenzo, prófessor við Universidad de Santiago de Compostela á Spáni, og dr. Hanne Hjorth Tønnesen, prófessor við Óslóaráháskóla í Noregi.

Doktorsvörn Chutimon fór fram 12. september.



Martha Ásdís Hjálmarsdóttir

Líf- og læknavísindi /

Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Faraldsfræði pneumókokka með minnkað næmi fyrir penisillini á Íslandi (The epidemiology of penicillin non-susceptible pneumococci in Iceland).*

Umsjónarkennari: Dr. Karl G.

Kristinsson, prófessor við Læknadeild

Andmælendur: Dr. Birgitta Henriques Normark, prófessor við Karolinska Institutet í Stokkhólmi í Svíþjóð, og dr. Leke Sanders, prófessor við University Medical Center í Utrecht í Hollandi.

Doktorsvörn Mörthu fór fram 14. október.



Edda Björk Þórðardóttir

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar:

Langtíma heilsufarslegar afleiðingar snjóflóða á Íslandi árið 1995 – 16 ára eftirfylgd (Long-term health consequences of avalanches in Iceland in 1995 – A 16 year follow-up).

Umsjónarkennari:

Dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinendur: Dr. Berglind Guðmundsdóttir, dósent við Læknadeild, og dr. Ingunn Hansdóttir, dósent við Sálfræðideild.

Andmælendur: Dr. Patricia J. Watson, dósent við Geisel School of Medicine í Bandaríkjunum, og dr. Urður Njarðvík, dósent við Sálfræðideild.

Doktorsvörn Eddu Bjarkar fór fram 7. júní.



Nanna Ýr Arnardóttir

Heilbrigðisvísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar:

Tengsl hreyfingar og heilsu – Þýðisrannsókn á eldri körlum og konum á Íslandi (Linking physical activity and health – A population study of elderly Icelandic men and women).

Umsjónarkennari:

Dr. Þórarinn Sveinsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Karl Friedl, prófessor við UCSF School of Medicine í San Francisco í Bandaríkjunum, og dr. Sólveig Ása Árnadóttir, dósent við Læknadeild.

Doktorsvörn Nönnu Ýrar fór fram 17. maí.



Orri Þór Ormarsson

Líf- og læknávisindi /
Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Nýtt lyf til meðhöndlunar á hægðatregðu og til tæmingar fyrir bugðuristilspeglanir (New medicine for the treatment of constipation as well as for rectal cleansing prior to flexible sigmoidoscopy).*

Umsjónarkennari: Dr. Einar Stefán Björnsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Marc A. Benninga, prófessor við Háskólann í Amsterdam í Hollandi, og dr. Þorvarður Jón Löve, dósent við Læknadeild.

Doktorsvörn Orra Þórs fór fram 4. nóvember.



Ólafía Sigurjónsdóttir

Sálfræði / Sálfræðideild


Heiti ritgerðar: *Athygliskekkiur í kvíðaröskunum – Þróun nýrra aðferða til að mæla og þjálfá hamlandi athygliferli (Attention bias in anxiety disorders – Developing new methods to measure and*

modify dysfunctional attentional processes).

Umsjónarkennarar og leiðbeinendur: Dr. Árni Kristjánsson og dr. Andri S. Björnsson, prófessorar við Sálfræðideild.

Andmælendur: Dr. Yair Bar-Haim, prófessor við Tel Aviv háskóla í Ísrael, og dr. Kamilla Rún Jóhannsdóttir, lektor í sálfræði við Háskólann í Reykjavík.

Doktorsvörn Ólafíu fór fram 16. september.





Ólöf Birna Ólafsdóttir

Líf- og læknávisindi /
Læknadeild

Heiti ritgerðar:

Súrefnismettun sjónhimnuæða í gláku (Retinal oxygenation in glaucoma).

Leiðbeinandi: Dr. Einar Stefánsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Gerhard Garhofer, dósent við Háskólann í Vín í Austurríki, og dr. Stefán B. Sigurðsson, prófessor við Háskólann á Akureyri.

Doktorsvörn Ólafar Birnu fór fram 17. desember 2015.



Phennapha Saokham

Lyfjafræði / Lyfjafræðideild

Heiti ritgerðar:

γ-Sýklódextrín örkorn (Self-assembled γ-cyclodextrin aggregates).

Leiðbeinandi: Dr. Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild.

Andmælendur: Dr. René

Holm, rannsóknarstjóri hjá þróunardeild Johnson & Johnson í Belgíu, og dr. Eva Fenyvesi, aðstoðarrannsóknarstjóri hjá CycloLab Ltd. í Búdapest í Ungverjalandi.

Doktorsvörn Phennapha fór fram 25. nóvember.



Paulina Elzbieta Wasik

Matvælafræði / Matvæla- og næringarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Hámörkun gæða frosinna makrílafurða (Quality optimisation of frozen mackerel products).*

Umsjónarkennari:

Sigurjón Arason, prófessor við Matvæla- og

næringarfræðideild.

Leiðbeinandi: Dr. María Guðjónsdóttir, dósent við Matvæla- og næringarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Judith Kreyenschmidt, prófessor við Háskólann í Bonn í Þýskalandi, og Santiago Pedro Aubourg Martínez, prófessor við Marine Research Institute (IIM) á Spáni.

Doktorsvörn Paulínu fór fram 30. september.



Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar:

Skammtíma loftmengun í Reykjavík og heilsufarsvísar – Úttektir lyfja, dánartíðni og komur á sjúkrahús (Short-term air pollution in Reykjavik and health indicators – Drug dispensing, mortality, and

hospital visits).

Umsjónarkennari: Dr. Þórarinn Gíslason, prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Vilhjálmur Rafnsson, prófessor emeritus við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Tom Bellander, prófessor við Karolinska Institutet í Stokkhólmi í Svíþjóð, og dr. Gunnar Tómasson, aðjunkt við Læknadeild.

Doktorsvörn Ragnhildar fór fram 16. júní.



Sigríður Haraldsdóttir

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Heilsa í heimabyggð – Heilsufar og notkun heilbrigðisþjónustu eftir búsetuvæðum á Íslandi (Local health matters – Health and health service utilisation across geographic regions in Iceland).*

Umsjónarkennari: Dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Sigurður Guðmundsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Anthony Gatrell, prófessor við University of Lancaster á Englandi, og dr. Þórður Harðarson, prófessor emeritus við Læknadeild.

Doktorsvörn Sigríðar fór fram 8. janúar.



Védís Helga Eiríksdóttir

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Heilsa barnshafandi kvenna og fæðingarútkomur á tímum mikilla efnahagsþrenginga á Íslandi (Maternal health indicators during pregnancy and birth outcomes during times of great macroeconomic*

instability – The case of Iceland).

Umsjónarkennari: Dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Helga Zoëga, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Tim-Allen Bruckner, lektor við University of California í Bandaríkjunum, og dr. Þóra Steingrimsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Védísar Helgu fór fram 22. nóvember.



Össur Ingi Emilsson

Læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Tengsl vélindabakflæðis að nóttu við öndunarfæraeinkenni og kæfisvefn (Nocturnal gastroesophageal reflux – Respiratory symptoms and obstructive sleep apnea).*

Umsjónarkennari:


Dr. Þórarinn Gíslason,

prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Christer Janson, prófessor við Uppsalaháskóla í Svíþjóð.

Andmælendur: Dr. Ludger Grote, dósent við Sahlgrenska-sjúkrahúsið í Gautaborg í Svíþjóð, og dr. Guðjón Kristjánsson, forstöðulæknir lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri. Doktorsvörn Össurar Inga fór fram 14. október.

Fjöldi brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2012–2016



■ Brautskráðir doktorar 2012–2016.

--- Stefna HÍ 2012–2017: 60–70 brautskráðir doktorar á ári.

Hugvísindasvið





Astrid Lelarge

Sagnfræði / Sagnfræði- og heimspekideild
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Université Libre de Bruxelles.


Heiti ritgerðar: *Útbreiðsla gatnakerfis sem mynda sammiðja hringi – Mismunandi útfærslur á frumgerðum í borgarskipulagi Brussel, Genfar*

og Reykjavíkur (1781-1935) (La diffusion des projets de voies de circulation concentrique – Les multiples versions d'une forme urbaine générique à Bruxelles, Genève et Reykjavík (1781-1935)).

Leiðbeinendur: Dr. Guðmundur Hálfðánarson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild, og dr. Christophe Loir, prófessor við Université Libre de Bruxelles í Belgíu.

Andmælendur: Dr. Anna Agnarsdóttir, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild, dr. Bertrand Lévy, prófessor við Háskólann í Genf í Sviss, og dr. Judith Le Maire, prófessor við Université Libre de Bruxelles í Belgíu.

Doktorsvörn Astridar fór fram 30. september.



Christopher Crocker

Íslenskar bókmenntir / Íslensku- og menningardeild
Heiti ritgerðar: *Staðsetning draumsins – Yfirnáttúrulegir draumar í Íslendingasögum (Situating the Dream – Paranormal Dreams in the Íslendingasögur).*

Leiðbeinandi: Dr. Ármann Jakobsson, prófessor við

Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Torfi Tulinius, prófessor við Íslensku- og menningardeild, og dr. Stephen Mitchell, prófessor við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Christophers fór fram 7. október.



Auður Aðalsteinsdóttir

Almenn bókmenntafræði / Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Bókmenntagagnrýni á almannavettvangi – Vald og virkni ritdóma á Íslensku bókmenntasviði.*

Leiðbeinandi: Dr. Ástráður Eysteinnsson, prófessor við

Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Dagný Kristjánsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild, og dr. Gestur Guðmundsson, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Doktorsvörn Auðar fór fram 12. febrúar.



Erla Dóris Halldórsdóttir

Sagnfræði / Sagnfræði- og heimspekideild

Heiti ritgerðar: *Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880.*

Leiðbeinandi: Dr. Már Jónsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Andmælendur: Dr. Ólöf

Garðarsdóttir, prófessor við Kennaradeild, og dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild.

Doktorsvörn Erlu Dórisar fór fram 21. október.



Gunnar Theodór Eggertsson

Almenn bókmenntafræði / Íslensku- og menningardeild
Heiti ritgerðar: *Eiginleg dýr – Athuganir á veröldum dýra í tungumáli, menningu og sagnahefð (Literal Animals – An exploration of animal worlds through language, culture and narrative).*

Leiðbeinandi: Dr. Guðni Elisson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Susan McHugh, prófessor við University of New England í Bandaríkjunum, og dr. Robert McKay, prófessor við Sheffield-háskóla í Bretlandi.

Doktorsvörn Gunnars Theodórs fór fram 25. ágúst.



María Ágústsdóttir

Guðfræði / Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
Heiti ritgerðar: *Að taka við hinum – Lífurð reynsla af Oikoumene sem veruleika er lýsir hagnýtum, félagslegum og andlegum tengslum (Receiving the other – The lived experience of Oikoumene as a practical,*

relational, and spiritual reality).

Leiðbeinandi: Dr. Einar Sigurbjörnsson, prófessor emeritus við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

Andmælendur: Dr. Kajsa Ahlstrand, prófessor við Uppsalaháskóla í Svíþjóð, og dr. Hans Raun Iversen, lektor við Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku.

Doktorsvörn Maríu fór fram 1. nóvember.



Heidrun Wulfekühler


Hagnýt siðfræði / Sagnfræði- og heimspekideild
Heiti ritgerðar: *Siðferðilegur kjarni félagsráðgjafar – Ný-Aristótelísk nálgun (The ethical purpose of social work – A neo-Aristotelian perspective).*

Leiðbeinandi: Dr. Vilhjálmur

Árnason, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Andmælendur: Dr. Margaret Rhodes, prófessor emerita við Háskólann í Massachusetts í Bandaríkjunum, og dr. Sigurður Kristinnsson, prófessor við Háskólann á Akureyri.

Doktorsvörn Heidrunar fór fram 6. maí.



Nikola Trbojevic

Fornleifafræði / Sagnfræði- og heimspekideild
Heiti ritgerðar: *Áhrif landnáms á skóglendi Íslands á víkingaöld (The impact of settlement on woodland resources in Viking Age Iceland).*

Leiðbeinandi: Dr. Orri Vésteinnsson, prófessor við

Sagnfræði- og heimspekideild.

Andmælendur: Dr. John Wainwright, prófessor við Durham-háskóla í Bretlandi, og dr. Kristín Svavarsdóttir, plöntuvistfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins.

Doktorsvörn Nikola fór fram 6. júní.



Rósa Elín Davíðsdóttir

Frönsk fræði / Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Sorbonne-háskóla í París.

Heiti ritgerðar: *Tvímála orða-
bókagerð milli íslensku og frönsku
– Tillögur að orðabókarflettum fyrir
íslensk-franska orðabók með áherslu
á föst orðasambönd (La lexicographie*

*bilingue islandais-français – Propositions d'articles pour un dictionnaire
islandais-français avec une attention particulière au traitement des
locutions figées et semi-figées).*

Aðalleiðbeinandi: Dr. André Thibault, prófessor í frönsku við Sorbonne-háskóla.

Meðleiðbeinandi: Dr. Erla Erlendsdóttir, dósent við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Andmælendur: Dr. Jean Pruvost, prófessor við Háskólann í Cergy-Pontoise í Frakklandi, og dr. Annick Farina, dósent við Háskólann í Flórens á Ítalíu.

Doktorsvörn Rósu fór fram 9. apríl.



Sean Lawing

Íslenskar bókmenntir / Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Líkamleg afmyndun
í íslenskri menningu á þjóðveldisöld –
Rannsókn á lögum og sagnatextum
(Perspectives on disfigurement in
medieval Iceland – A cultural study
based on old Norse Laws and Icelandic
sagas).*

Leiðbeinandi: Dr. Ármann Jakobsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Jón Viðar Sigurðsson, prófessor við Óslóarháskóla í Noregi, og dr. William Ian Miller, prófessor við University of Michigan Law School í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Seans fór fram 25. apríl.



Soffía Auður Birgisdóttir

Íslenskar bókmenntir / Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Ég skapa – þess
vegna er ég. Sjálfsmyndir, sköpun og
fagurfræði í skrifum Þórbergs Þórðar-
sonar.*

Andmælendur: Dr. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild, og dr. Jürg

Glauser, prófessor við Háskólann í Zürich í Sviss.

Doktorsvörn Soffíu Auðar fór fram 12. maí.



Torfi Kristján Stefánsson

Guðfræði / Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Heiti ritgerðar: *„elska Guð og biðja“
– Guðrækni bókmenntir á Íslandi á
lærdómsöld.*

Leiðbeinandi: Dr. Einar Sigurbjörnsson, prófessor emeritus við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

Andmælendur: Dr. Gunnar

Kristjánsson, fyrrverandi prófastur, og dr. Þórunn Sigurðardóttir, rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar.

Doktorsvörn Torfa fór fram 10. febrúar.



Þórdís Edda Jóhannesdóttir

Íslenskar bókmenntir / Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Jómsvíkinga saga – Sérstaða, varðveisla og viðtökur.*


Leiðbeinandi: Dr. Ármann Jakobsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Marteinn Helgi Sigurðsson, ritstjóri hjá Íslenzkum


fornritum, og dr. Judith Jesch, prófessor við Nottingham-háskóla á Englandi.

Doktorsvörn Þórdísar Eddu fór fram 7. nóvember.

Ríkisfang brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2012–2016



Kynjahlutfall brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2012–2016





Menntavísindasvið





G. Sunna Gestsdóttir

Menntavísindi / Uppeldis- og menntunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Andleg líðan á unglings- og snemmfullorðinsárum – Breyting á andlegri líðan sem og tengsl við þrek og hreyfingu (Mental well-being in adolescence and young adulthood – Changes and association with fitness and physical activity).*

Leiðbeinandi: Dr. Erlingur S.

Jóhannsson, prófessor við Íþróttá-, tólmstunda- og þroskajálfadeild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Erla Svansdóttir, heilsusálfræðingur við Landspítala – háskólasjúkrahús.

Andmælendur: Dr. Bente Wold, prófessor við Háskólann í Bergen í Noregi, og dr. Elín Díanna Gunnarsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri.

Doktorsvörn Sunnu fór fram 24. maí.



Hjördís Þorgeirsdóttir

Menntavísindi / Uppeldis- og menntunarfræðideild

Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og University of Exeter.

Heiti ritgerðar: *Breytingastofa í framhaldsskóla á Íslandi – Tilraunastofa um breytingar og starfendarannsókn (Investigating the use of action research and activity theory to promote the professional*

development of teachers in Iceland).

Leiðbeinendur: Dr. Keith Postlethwaite og dr. Nigel Skinner við University of Exeter á Englandi og dr. Hafþór Guðjónsson, dósent við Kennaradeild.

Aðalprófdómarar: Dr. Bridget Somekh, prófessor emerita við Manchester Metropolitan University á Englandi, dr. Karen Walshe, lektor við University of Exeter á Englandi, og dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor við Kennaradeild.

Doktorsvörn Hjördísar fór fram 14. desember 2015.



Jónína Vala Kristinsdóttir

Menntavísindi / Uppeldis- og menntunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Námssamfélag um stærðfræðikennslu – Að þróa samvinnurannsókn um kennslu í grunnskóla og kennaramenntun (Collaborative inquiry into mathematics teaching –*

Developing a partnership in researching practice in primary grades and teacher education).

Leiðbeinandi: Dr. Allyson Macdonald, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Barbara Jaworski, prófessor við Loughborough-háskóla á Englandi.

Andmælendur: Dr. Simon Goodchild, prófessor við Háskólann í Agder í Noregi, og dr. Tom Russell, prófessor við Queens-háskóla í Ontario í Kanada.

Doktorsvörn Jónínu Völu fór fram 11. nóvember.



Ragný Þóra Guðjohnsen

Menntavísindi / Uppeldis- og menntunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Hugmyndir ungs fólks um hvað það merki að vera góður borgari – Þáttur samkenndar, sjálfbóðaliðastarfs og uppeldishátta foreldra (Young people's ideas of what it means to be a good citizen – The role*

role of empathy, volunteering and parental styles).


Leiðbeinandi: Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Daniel Hart, prófessor við Rutgers-háskóla í Bandaríkjunum, og dr. Wiel Veugelers, prófessor við University for Humanistic Studies í Utrecht í Hollandi.

Doktorsvörn Ragnýjar Þóru fór fram 27. september.



Verkfræði- og náttúruvísindasvið



Andrey N. Gagunashvili

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Sérkenni Nostoc erfðamengja í fléttum (Distinctive characters of Nostoc genomes in cyanolichens).*

Leiðbeinandi: Dr. Ólafur S. Andrússon, prófessor við Líf-

og umhverfisvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Elke Dittmann, prófessor við Potsdam-háskóla í Þýskalandi, og dr. Heath O'Brien, sérfræðingur við Bristol-háskóla á Englandi.

Doktorsvörn Andreys fór fram 8. apríl.



Anil Pandurang Jagtap

Efnafræði / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Vatnsleysanlegar nítroxíð tvístakeindir til mögnunar á kjarnaskautun (Water-soluble nitroxide biradicals for dynamic nuclear polarization).*

Leiðbeinandi: Dr. Snorri Þór Sigurðsson, prófessor við

Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Stefán Jónsson, verkefnisstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu, og dr. Bela Ernest Bode, lektor við Háskólann í St. Andrews í Skotlandi.

Doktorsvörn Anils fór fram 2. maí.



Anna Hulda Ólafsdóttir

Iðnaðarverkfræði / Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Gæðastjórnun í mannvirkjagerð – Kvik kerfisnálgun (A system dynamics approach to quality management in the construction industry).*

Leiðbeinandi: Dr. Gunnar Stefánsson, prófessor við

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Pål Davidsen, prófessor við Háskólann í Bergen í Noregi, og dr. Stuart Green, prófessor við Háskólann í Reading í Bretlandi.

Doktorsvörn Önnu Huldu fór fram 17. mars.



Björn Oddsson

Jarðeðlisfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Varmaflutningur frá heitu bergi og kviku – Myndun hrauns undir jökli og varmatap jarðhitasvæða (Heat transfer in volcanic settings – Application to lava-ice interaction and geothermal areas).*

Leiðbeinandi: Dr. Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor við Jarðvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Jennie Gilbert, dósent við Lancaster-háskóla á Englandi, og dr. Jean Vandemeulebrouck, rannsakandi við Université Savoie í Frakklandi.

Doktorsvörn Björns fór fram 16. júní.



Christopher R. Florian

Jarðfræði / Jarðvísindadeild
Sameiginleg doktorsgráða frá
Háskóla Íslands og University of
Colorado Boulder.

Heiti ritgerðar:

*Umhverfisbreytingar á Nútíma í ljósi
rannsókna á líf- og jarðefnafræði
vatnasviða, litarefni þörungna og
stöðugum samsætum í vatnaseti á
Baffinlandi og Íslandi (Multi-Proxy*

*reconstructions of Holocene environmental change and catchment
biogeochemistry using algal pigments and stable isotopes preserved in
lake sediment from Baffin Island and Iceland).*

Leiðbeinendur: Dr. Áslaug Geirsdóttir, prófessor við Jarðvísindadeild,
og dr. Gifford H. Miller, prófessor við University of Colorado Boulder í
Bandaríkjunum.

Andmælendur: Dr. William D'Andrea, rannsóknardósent við
Columbia-háskóla í Bandaríkjunum, og dr. Jostein Bakke, prófessor við
Háskólann í Bergen í Noregi.

Doktorsvörn Christophers fór fram 9. maí.



Ehsan Pashay Ahi

Líffræði / Líf- og
umhverfisvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Rannsóknir á
genatjáningu í fósturbroskun
ólíkra bleikjuafbrigða (Studies
of craniofacial gene expression
during embryonic development in
divergent Arctic charr (Salvelinus
alpinus) morphs).*

Leiðbeinandi: Dr. Zophonías O.

Jónsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Arkhat Abzhanov, dósent við Imperial College í
London, og dr. Erna Magnúsdóttir, dósent við Læknadeild.

Doktorsvörn Ehsans fór fram 25. febrúar.



Eydís Salome Eiríksdóttir

Jarðfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Veðrun og
efnaframburður óraskaðra
og miðlaðra vatnsfalla á
Íslandi (Weathering and
riverine fluxes in pristine and
controlled river catchments in
Iceland).*

Leiðbeinendur: Dr. Sigurður

Reynir Gíslason, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskólans,
og dr. Eric H. Oelkers, prófessor við University College í London.

Andmælendur: Dr. Jérôme Gaillardet, prófessor við Institut de
Physique du Globe de Paris í Frakklandi, og dr. Suzanne Anderson,
dósent við University of Colorado Boulder í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Eydísar Salome fór fram 4. mars.



Gabriele Cavallaro

Rafmagns- og tölvuverkfræði
/ Rafmagns- og
tölvuverkfræðideild

Heiti ritgerðar: *Flokkun
fjarkönnunargagna í rófi
og rúmi sem byggist á
auðkennaprófilum og
samhliðavinnslu (Spectral-
spatial classification of
remote sensing optical data*

*with morphological attribute profiles using parallel and scalable
methods).*

Leiðbeinandi: Dr. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands
og prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild.

Andmælendur: Dr. Sébastien Lefèvre, prófessor við Université
de Bretagne-Sud í Frakklandi, og dr. Lori M. Bruce, prófessor við
Mississippi State University í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Gabriele's fór fram 30. júní.



Giulia Sgattoni

Jarðeðlisfræði /
Jarðvísindadeild
Sameiginleg doktorsgráða
frá Háskóla Íslands og
Háskólanum í Bologna.

Heiti ritgerðar: *Einkenni
og jarðfræðilegar orsakir
jarðskjálfta og skjálftaóráða
í Kötlum (Characteristics
and geological origin of*

earthquakes and tremor at Katla volcano (Iceland)).

Leiðbeinendur: Dr. Páll Einarsson, prófessor við Jarðvísindadeild,
dr. Federico Lucchi, prófessor við Háskólann í Bologna á Ítalíu, og
dr. Ólafur Guðmundsson, prófessor við Uppsalaháskóla í Svíþjóð.

Andmælendur: Dr. Chris Bean, prófessor við University College
í Dublin á Írlandi, og dr. Gilberto Saccorotti, skjálftafræðingur við
INGV í Pisa á Ítalíu.

Doktorsvörn Giuliu fór fram 15. apríl.



Harri Tapani Mökkönen

Efnafræði / Raunvísindadeild
Sameiginleg doktorsgráða
frá Háskóla Íslands og Aalto-
háskóla í Finnlandi.

Heiti ritgerðar: *Sleppihraði
aðþrengdra fjölliða (Escape
rates of externally confined
polymers).*

Leiðbeinendur: Dr. Hannes

Jónsson, prófessor við Raunvísindadeild, og dr. Tapio Ala-Nissilä,
prófessor við Aalto-háskóla í Helsinki í Finnlandi.

Andmælendur: Dr. Dmitrii E. Makarov og dr. Graeme
Henkelman, prófessorar við Háskólann í Texas í Austin í
Bandaríkjunum, og dr. Wokyung Sung, prófessor emeritus við
Pohang University of Science and Technology í Suður-Kóreu.
Doktorsvörn Harris fór fram 19. ágúst.



Helga Ingimundardóttir

Reikniverkfræði /
Iðnaðarverkfræði-,
vélaverkfræði- og
tölvunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *LISA –
Lærdómur ítrekunarreikniritra og
samtaggreining algríma (ALICE
– Analysis & Learning Iterative
Consecutive Executions).*

Leiðbeinandi: Dr. Tómas Philip Rúnarsson, prófessor við
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Edmund Kieran Burke, prófessor við Queen
Mary University of London í Bretlandi, og dr. Kate Smith-Miles,
prófessor við Monash University í Ástralíu.

Doktorsvörn Helgu fór fram 30. júní.



Helgi Rafn Hróðmarsson

Efnafræði / Raunvísindadeild
Heiti ritgerðar: *Víxlverkanir
ástanda, kvikfræði örvana,
hulin ástönd og ljósrofsferli í
vetnishalíðum (State interactions,
excitation dynamics, hidden
states and photofragmentation
pathways in hydrogen halides).*

Leiðbeinandi: Dr. Ágúst Kvarn,

prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Michael N. R. Ashfold, prófessor við Bristol-
háskóla á Englandi, og dr. Theofanis Kitsopoulos, prófessor við
Krítarháskóla í Grikklandi.

Doktorsvörn Helga Rafns fór fram 18. mars.



Javed Hussain

Efnafræði / Raunvísindadeild


Heiti ritgerðar: *Reikningar á rafafoxun koltvísyrings til að mynda kolvetni og alkóhól (Calculations of carbon dioxide electroreduction to hydrocarbons and alcohols).*

Leiðbeinendur: Dr. Hannes Jónsson, prófessor við Raunvísindadeild, og dr. Egill

Skúlason, dósent við sömu deild.

Andmælendur: Dr. Marc T.M. Koper, prófessor við Leiden-háskóla í Hollandi, og dr. Andrew A. Peterson, prófessor við Brown-háskóla í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Javeds fór fram 9. maí.



Katrín Halldórsdóttir

Liffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Náttúrulegt val og tegundamyndun í þorski og skyldum þorskfiskum (Natural selection and speciation in Atlantic cod and related cod-fish).*

Leiðbeinandi: Dr. Arnar Pálsson, dósent við Líf- og

umhverfisvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Matthew W. Hahn, prófessor við Indiana-háskóla í Bandaríkjunum, og dr. Michael Matschner, rannsóknamaður við Óslóarháskóla.

Doktorsvörn Katrínar fór fram 29. apríl.



Juudit Ottelin

Umhverfisfræði / Umhverfis- og byggingarverkfræðideild
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Aalto-háskóla í Finnlandi.

Heiti ritgerðar: *Hliðaráhrif mótvægisáðgerða loftslagsbreytinga og kolefnisspor hins byggða umhverfis (Rebound effects*

projected onto carbon footprints – Implications for climate change mitigation in the built environment).

Leiðbeinandi: Dr. Jukka Heinonen, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

Andmælandi: Dr. Jonas Nässén, dósent við Chalmers-háskóla í Gautaborg í Svíþjóð.

Doktorsvörn Juuditar fór fram 11. nóvember.



M.M. Mahbub Alam

Liffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Uppruni og stofngerð meginrækjutegunda í Bangladesh (Origin and population structure of major prawn and shrimp species in Bangladesh).*

Leiðbeinandi: Dr. Snæbjörn Pálsson, prófessor við Líf- og

umhverfisvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Kristinn P. Magnússon, prófessor við Háskólann á Akureyri, og dr. Endre Willassen, prófessor við Háskólann í Bergen í Noregi.

Doktorsvörn Mahbubs fór fram 8. september.



Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Örverulífriki fléttna – Tegundasamsetning og starfsemi samlífisbaktería fléttna (The lichen-associated microbiome – Taxonomy and functional roles of lichen-associated bacteria).*

Leiðbeinandi: Dr. Oddur Vilhelmsson, prófessor við Auðlindadeild Háskólans á Akureyri.

Meðleiðbeinandi: Dr. Ólafur S. Andrésson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Gabriele Berg, prófessor við Háskólann í Graz í Austurríki, og dr. Viggó Marteinsson, fagstjóri hjá Matis. Doktorsvörn Margrétar Auðar fór fram 7. mars.



Martin A. Mörsdorf

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Tromsø.

Heiti ritgerðar: *Áhrif stað- og svæðisbundinna mótunarþátta á tegundafjölbreytni plantna í tundra landslagi (Effects*

of local and regional drivers on plant diversity within tundra landscapes).

Leiðbeinandi: Dr. Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Martin Zobel, prófessor og yfirmaður Rannsóknastofu um plöntuvistfræði í Tartu í Eistlandi, og dr. Gunnar Austrheim, prófessor við Náttúruvísindastofnun NTNU í Brándheimi í Noregi.

Doktorsvörn Martins fór fram 21. desember 2015.

Fjöldi brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands eftir fræðasviðum 2012–2016

Fræðasvið	2012	2013	2014	2015	2016
Félagsvísindasvið	5	4	8	3	5
Heilbrigðisvísindasvið	10	18	25	10	16
Hugvísindasvið	4	5	9	9	13
Menntavísindasvið	2	4	9	9	4
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	14	18	28	29	24
Þverfræðilegt framhaldsnám	3	3	3	5	6
Samtals	38	52	82	65	68



Mette Friis

Eðlisfræði / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar:

Gammablossar, þeirra nánasta umhverfi og hýsilvetrarbrautir (Exploring gamma-ray bursts, their immediate environment and host galaxies).

Leiðbeinandi: Dr. Páll Jakobsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Sandra Savaglio, prófessor við Calabria-háskóla á Ítalíu, og dr. Stefano Covino, sérfræðingur við INAF/Brera Astronomical Observatory á Ítalíu.

Doktorsvörn Mette fór fram 5. desember 2015.



Nikhil Nitin Kulkarni

Líffræði / Líf- og umhverfsvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Mótun náttúrulegs ónæmis í lungnaþekju (Modulation of innate immunity in lung epithelium).*

Leiðbeinandi: Dr. Guðmundur Hrafn Guðmundsson, prófessor við Líf- og umhverfsvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Donald J. Davidson, vísindamaður við Edinborgarháskóla í Skotlandi, og dr. Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, ónæmisfræðingur við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Doktorsvörn Nikhils fór fram 4. mars.



Nicolas Larranaga

Líffræði / Líf- og umhverfsvísindadeild

Heiti ritgerðar:

Dægursveifur í virkni bleikju Salvelinus alpinus (Ecological correlates of diel activity in Arctic charr Salvelinus alpinus).

Umsjónarkennari: Dr. Sigurður S. Snorrason, prófessor við Líf- og

umhverfsvísindadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Stefán Óli Steingrímsson, dósent við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum.

Andmælendur: Dr. Neil B. Metcalfe, prófessor við University of Glasgow í Skotlandi, og dr. Johan Höjesjö, dósent við Gautaborgarháskóla í Svíþjóð.

Doktorsvörn Nicolas fór fram 21. nóvember.



Reynir Smári Atlason

Umhverfis- og auðlindafræði / Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Skipulegar umbætur viðhaldsstjórnunar – Dæmi úr íslenskum jarðvarmaiðnaði (Theorizing for maintenance management improvements – Using case studies from the Icelandic*

geothermal sector).

Leiðbeinendur: Dr. Rúnar Unnþórsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, og dr. Guðmundur Valur Oddsson, lektor við sömu deild.

Andmælendur: Dr. Maryann P. Feldman, prófessor við Háskólann í North Carolina í Bandaríkjunum, og dr. Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Doktorsvörn Reynis Smára fór fram 10. desember 2015.



Sigríður Sigurðardóttir

Iðnaðarverkfræði /
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði-
og tölvunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Greining fiskveiðistjórnunarkerfa – Notkun líkana og hermun (Modelling and simulation for fisheries management).*

Leiðbeinandi: Dr. Gunnar Stefánsson, prófessor við

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Villy Christensen, prófessor og forstöðumaður Sjávar- og fiskirannsóknarstofnunar Háskólans í Bresku-Kólumbíu í Kanada, og dr. Ronald Pelot, prófessor við Dalhousie-háskóla í Halifax í Kanada.

Doktorsvörn Sigríðar fór fram 2. maí.



Sólveig Þorvaldsdóttir

Byggingarverkfræði / Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Heiti ritgerðar: *Framlag að fræðilegum grunni stjórnunarkerfa sem fást við náttúruhamfarir í byggð – Kvik-kerfisleg nálgun (Towards a theoretical foundation for disaster-related management systems – A system dynamics approach).*

Leiðbeinendur: Dr. Ragnar Sigbjörnsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild (lést 2015), og dr. Rajesh Rupakhety, prófessor við sömu deild.

Andmælendur: Dr. Carlos Sousa Oliveira, prófessor við Technical University of Lisbon í Portúgal, og dr. Agostino Goretti, byggingarverkfræðingur við Seismic and Volcanic Risk Office á Ítalíu. Doktorsvörn Sólveigar fór fram 26. febrúar.



Thecla Munanie Mutia

Umhverfis- og auðlindafræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Áhrif losunar efna frá jarðvarmavirkjunum á landvistkerfi við mismunandi loftslagsskilyrði (The impacts of geothermal power plant emissions on terrestrial ecosystems in contrasting bioclimatic zones).*

Leiðbeinendur: Dr. Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og dr. Þráinn Friðriksson, jarðefnafræðingur við ÍSOR og orkusérfræðingur við ESMAP-verkefni Alþjóðabankans.

Andmælendur: Dr. Filippo Bussotti, prófessor við Università degli Studi di Firenze á Ítalíu, og dr. Bergur Sigfússon, sérfræðingur í jarðhitarannsóknnum hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Doktorsvörn Theclu fór fram 9. september.



Vincent Jean Paul B. Drouin

Jarðeðlisfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Mælingar jarðskorpuhreyfinga með gervitunglum og túlkun þeirra – Áhrif árstíðabundinna fargbreytinga, flekarek og ferli í rótum eldfjalla og jarðhitasvæða (Constraints on deformation processes in Iceland from space*

geodesy – Seasonal load variations, plate spreading, volcanoes and geothermal fields).

Leiðbeinendur: Dr. Freysteinn Sigmundsson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskólans, og dr. Sigrún Hreinsdóttir, jarðeðlisfræðingur við GNS Science á Nýja-Sjálandi.

Andmælendur: Dr. Wayne Thatcher, jarðeðlisfræðingur emeritus við U.S. Geological Survey í Kaliforníu í Bandaríkjunum, og dr. Corné Kreemer, rannsóknaprófessor við University of Nevada og Nevada Bureau of Mines and Geology í Reno í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Vincents fór fram 5. júlí.



Þórður Örn Kristjánsson

Líffræði / Líf- og
umhverfisvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Varpvistfræði
æðarfugls (Somateria
mollissima) við Breiðafjörð
(Breeding ecology of the
Common Eider (Somateria
mollissima) in Breiðafjörður,
West Iceland).*

Umsjónarkennari: Dr. Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og
umhverfisvísindadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Jón Einar Jónsson, forstöðumaður
Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi.

Andmælendur: Dr. Jonathan Green, dósent við Liverpool-
háskóla á Englandi, og dr. Sveinn Are Hanssen, vísindamaður við
Norwegian Institute for Nature Research í Þrándheimi í Noregi.
Doktorsvörn Þórðar fór fram 2. september.





Ljósmyndir af fjöllum: Ragnar Axelsson og Kristinn Ingvarsson
Ljósmyndir af doktorum: Kristinn Ingvarsson, Gunnar Sverrisson og Björn Gíslason

www.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Útgefandi: Markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands, 2016
Ritstjórar: Björn Gíslason og Jón Örn Guðbjartsson
Efni: Björn Gíslason, Jón Örn Guðbjartsson og Pétur Ástvaldsson
Umbrot: PIPAR\TBWA
Prentun: Leturprent